

Föstudaginn 29. ágúst 1997.

Nr. 285/1997. **Róbert Árni Hreiðarsson og
Stuðlaberg ehf.**

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

gegn

Valgerði P. Maack

(Atli Gíslason hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun máls frá Hæstarétti. Réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilinn Róbert Árni Hreiðarsson skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. júlí sl. Kært er ákvæði í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 1997 í máli varnaraðila á hendur sóknaraðilanum Stuðlabergi ehf. um réttarfarssekt á hendur sóknaraðilanum Róbert Árna, sem kom þar fram sem málflutningsumboðsmaður Stuðlabergs ehf. Um kæruheimild er vísað til p-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilinn Róbert Árni krefst þess, að „úrskurðurinn“ um réttarfarssekt á hendur sér verði felldur úr gildi auk þess, að „viðkomandi héraðsdómari verði víttur fyrir greindan úrskurð og afstöðu til kæranda“. Þá krefst sóknaraðilinn málskostnaðar úr ríkissjóði.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að ákvörðun héraðsdómara um réttarfarssekt verði staðfest. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari hefur sent Hæstarétti skriflegar athugasemdir vegna málsins.

Mælt var fyrir um áðurnefnda réttarfarssekt í dómi um efni máls Valgerðar P. Maack gegn Stuðlabergi ehf., sbr. 1. málslið 1. mgr. 136. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt 1. mgr. 143. gr. sömu laga geta einungis sætt kæru til Hæstaréttar úrskurðir héraðsdómara um þau efni, sem nánar greinir í einstökum staflíðum ákvæðisins. Brestur því heimild til að kæra sérstaklega ákvörðun um réttarfarssekt, sem

tekin er í dómi. Samkvæmt þessu verður málinu vísað frá Hæstarétti.

Varnaraðila verður dæmdur kærumálskostnaður, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Róbert Árni Hreiðarsson, greiði varnaraðila, Valgerði P. Maack, 50.000 krónur í kærumálskostnað.
